

Mánudaginn 12. október 1992.

Nr. 339/1992. **Bóas Emilsson**
 gegn
Selfoskaupstað.

Kærumál. Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. ágúst 1992, sem barst skrifstofu réttarins 21. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til 4. mgr. 84. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að bifreiðin X-6226, Dodge P/U, árgerð 1975, eign sín, verði tekin úr vörslum varnaraðila og sér fengin umráð hennar með innsetningargerð. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Hinn 14. maí 1992 birtist í tveim blöðum, út gefnum á Selfossi, auglýsing bæjarstjórnanna í Hveragerði og á Selfossi með svohljóðandi feitletraðri fyrirsögn: „Tilkynning um hreinsunarátak vegna óskráðra ökutækja.“

Í texta þessarar tilkynningar segir meðal annars: „Selfoskaupstaður og Hveragerðisbær í samvinnu við heilbrigðisfulltrúa og lögreglu munu á næstu dögum framkvæma sameiginlegt hreinsunarátak, sem miðar að því að fjarlægja óskráð ökutæki í bágbornu ástandi af götum bæjanna, opinberum lóðum og einkalóðum ...“

II.

Samkvæmt vottorði frá Bifreiðaskoðun Íslands hf. 7. júlí sl. voru númeraspjöld bifreiðarinnar X-6226 lögð þar inn 4. janúar 1991, en sóknaraðili heldur því fram, að bifreiðin hafi áfram verið á ökutækjaskrá, og hafi svo enn verið, er hún var fjarlægð af lóð hans 16. júní sl. Af nefndu vottorði verður og ekki annað ráðið. Þess

sér ekki heldur stað í gögnum málsins, að fullyrðingu sóknaraðila um þetta hafi verið mótmælt af hálfu varnaraðila.

III.

Sóknaraðili greinir frá því í aðfararbeiðni, að bifreiðin hafi verið til viðgerðar á umræddum tíma, en hlé hafi orðið á viðgerðinni, meðan beðið var varahluta, sem panta hafi þurft erlendis. Þeir hafi komið til landsins nokkrum dögum eftir að bifreiðin var fjarlægð af lóð hans. Hann kveður plastdúk hafa verið breiddan yfir bifreiðina, þar sem hún stóð á lóð hans, og hafi viðvörunarmiði lögreglu um væntanlegan brottflutning bifreiðarinnar verið límdur undir yfirbreiðsluna.

Upphafsorð prentaðs texta á þenna viðvörunarmiða voru svohljóðandi: „Samkvæmt ákvæðum í lögreglusamþykkt Selfossbæjar og í umferðarlögum er skylt að fjarlægja þessa bifreið nú þegar ...“

Í hvorugri þessara réttarheimilda er ákvæði, sem mælir fyrir um skyldu til að fjarlægja bifreið af lóð eiganda, og þar er raunar ekki heldur að finna ákvæði, er heimili sveitarstjórn slíkt.

IV.

Samkvæmt framansögðu var X-6226 ekki meðal þeirra bifreiða, sem umrætt hreinsunaráttak varnaraðila beindist að. Þegar af þeirri ástæðu voru ekki lagaskilyrði til þess, að flytja mætti bifreiðina af lóð sóknaraðila án samþykkis hans. Ber því að taka til greina kröfur sóknaraðila í málinu, sbr. 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Eftir atvikum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, en krafa sóknaraðila um málskostnað í héraði kom ekki fram fyrir en í greinargerð hans fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Bifreiðin X-6226 skal tekin úr vörslum varnaraðila, Selfosskaupstaðar, og sóknaraðila, Bóasi Emilssyni, fengin umráð hennar með innsetningargerð.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður héraðsdóms Suðurlands 31. júlí 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 28. þ. m.

Gerðarbeiðandi er Bóas Emilsson, kt. 170620-3139, Reynivöllum 6, Sel-fossi.

Gerðarþoli er Selfosskaupstaður, kt. 560269-3159, Austurvegi 10, Sel-fossi.

Gerðarbeiðandi gerir þær dómkröfur, að bifreiðin X-6226, Dodge P/U, árgerð 1975, verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola og fengin gerðarbeiðanda í hendur honum að kostnaðarlausu. Krafist er máls-kostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola eru gerðar þær dómkröfur, að umbeðin gerð nái eigi fram að ganga, en eigi er krafist málskostnaðar.

II.

Við meðferð málsins kom það fram hjá gerðarþola, að málið væri vel upplýst af hálfu gerðarbeiðanda með fram lögðum sóknargögnum, og fram kom, að málsaðilar eru í öllum aðalatriðum sammála um málsatvik. Máls-atvikum verður því þannig lýst:

Hinn 14. maí sl. auglýstu bæjarstjórar Selfoss og Hveragerðis hreinsunar-átak í blaðinu Dagskránni og í Sunnlenska fréttablaðinu. Efnisatriði auglýs-ingarinnar komu greinilega fram í fyrirsögn, en þar sagði, að tilkynnt væri um hreinsunaráttak vegna óskráðra ökutækja. Í meginmáli kom fram, að Selfosskaupstaður og Hveragerðisbær myndu á næstu dögum í samvinnu við heilbrigðisfulltrúa og lögreglu framkvæma sameiginlegt hreinsunaráttak, sem miðaði að því að fjarlægja óskráð ökutæki í bágbornu ástandi af göt-um bæjanna, opinberum lóðum og einkalóðum. Miðar yrðu límdir á við-komandi ökutæki, þar sem fram kæmi frestur eigenda til að fjarlægja öku-tækin. Jafnframt var tilkynnt, að starfsmenn áhaldahúsa bæjanna myndu fram til 1. júní fjarlægja ökutækin eigendum að kostnaðarlausu, ef þess væri óskað. Eftir þann tíma yrðu þau ökutæki, sem eftir stæðu, fjarlægð af starfsmönnum áhaldahúsa bæjanna og síðar seld á opinberu uppboði til greiðslu á fallins kostnaðar.

Hinn 16. júní 1992 stóð bifreið gerðarbeiðanda við Gagnheiði 9, en þar rekur gerðarbeiðandi fiskverkun. Óumdeilt er, að þá komu starfsmenn Sel-fossbæjar og fjarlægðu bifreið hans og fluttu til geymslu að Völlum í Ölf-usi. Að ósk bæjarverkstjóra var lögregla viðstödd. Ekki sætir það andmæl-um af hálfu gerðarbeiðanda, að bifreiðin var í óökuhæfu ástandi og hafði verið tekin af ökutækjaskrá af eiganda 4. janúar 1991. Yfir bifreiðina var breiddur segldúkur, og þar var límdur viðvörunarmiði sá, er í auglýsingu

greindi. Á meðan hún stóð óhreyfð við Gagnheiði, munu hafa verið unnar einhverjar skemmdir á bifreiðinni, þar á meðal brotnar í henni rúður.

Gerðarbeiðandi bendir á, að bifreiðin hafi verið fjarlægð, er hún hafi staðið á bifreiðastæði á einkalöð sinni, og telur hann, að starfsmenn gerðarpóla hafi ekki haft heimild til að fjarlægja bifreiðina. Hann sjálfur hafi ekki gefið heimild til þess, og aðgerðirnar hafi ekki haft lagastoð.

Af hálfu gerðarpóla er því hins vegar haldið fram, að á engan hátt hafi verið brotinn réttur á gerðarbeiðanda. Viðvörðun um væntanlega aðgerð hafi verið vandlega auglýst og tilkynnt. Það sé á misskilningi byggt hjá gerðarbeiðanda, að aðgerðirnar og þar með afskipti gerðarpóla af bifreið hans eigi sér ekki lagastoð. Í hvívetna hafi verið farið eftir heimildum í heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, sem sett sé með stoð í lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nánar tiltekið 2. gr. þeirra laga. Í 14. gr. sé skýrt tekið fram, að bannað sé að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt, að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Gildi þetta jafnt um stærri sem smærri hluti og í dæmaskyni nefnt í því sambandi kerrur, bílflök, skipsskrokkar og því um líkt. Í sömu grein sé nefnt, að heilbrigðisnefnd sé heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök að undangenginni viðvörðun, t. d. með álímingarmiða með viðvörðunarorðum. Hér hafi því í öllu verið farið að lögum.

III.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að gerðarbeiðandi er eigandi bifreiðarinnar X-6226. Eins og að framan greinir, er ágreiningurinn hins vegar fölginn í ólíkum skilningi á því, hvort aðgerðir gerðarpóla gagnvart gerðarbeiðanda fá staðist að lögum.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit segir:

„Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.“

Í 2. mgr. nefndrar lagagreinar segir, að í heilbrigðisreglugerð skuli vera almenn ákvæði, sem tiltekin eru í 28 tölulíðum, og þar á meðal er tilgreint í 1. tl., að í reglugerðinni skuli vera ákvæði um hreinlæti og þrifnað utan húss. Í 25. tl. þessarar sömu lagagreinar segir, að reglugerðin skuli enn fremur geyma ákvæði um valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

Fram lögð gögn gerðarbeiðanda leiða ekki í ljós, svo að óyggjandi sé, að Selfoskaupstaður hafi ekki farið að lögum, er hann lét fjarlægja bifreið gerðarbeiðanda 16. júní sl. Ákvæði 14. gr. heilbrigðisreglugerðarinnar nr.

149/1990 virðist því eiga sér stoð í 1. tl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Því síður verður að telja, að ljóst liggi fyrir, að með aðgerðum sínum hafi gerðarþoli gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt gerðarbeiðanda skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með því að réttur gerðarbeiðanda er því hvorki augljós né skýr, verður að telja, að réttarfarsskilyrði bresti til umbeðinnar innsetningargerðar. Gerðarþoli hefur ekki krafist málskostnaðar, og verður hann því eigi dæmdur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa gerðarbeiðanda, Bóasar Emilssonar, kt. 170620-3139, að bifreiðin X-6226, Dodge P/U, árgerð 1975, verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþøla, Selfoskaupstaðar, og fengin honum í hendur, skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður dæmist ekki.
